

Tillaga til þingsályktunar

um sáttmála um laun starfsstéttu grunninnviða og lágmarksframfærslu.

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Andrés Ingi Jónsson,
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Gísli Rafn Ólafsson,
Halldóra Mogensen, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forseta Alþingis og forsætisráðherra að gera samfélagslega sáttmála um laun starfsstéttu grunninnviða samfélagsins og lágmarksframfærslu. Sáttmálarnir verði umnir af þjóðinni, fyrir kjörna fulltrúa og í samráði við starfsstéttir grunninnviða.

Markmið sáttmála um lágmarksþiðnið launa fyrir starfsstéttir grunninnviða verði að ná utan um verðmætamát samfélagsins á þeim mikilvægu störfum innan heilbrigðis-, mennta-, öryggis- og félagsþjónustukerfisins sem saman mynda samfélagslegt öryggisnet fyrir okkur öll.

Sáttmáli um lágmarksframfærslu feli í sér lágmark þess sem fólk þarf til þess að geta haft ofan í sig og á. Sáttmáli um lágmarksframfærslu skal vera heilstætt samkomulag um viðmið sem lágmarksframfærsla skuli þróast samkvæmt. Til þess að tryggja sjálfstæði fólks sem býr við lágmarksframfærslu verði einnig gert ráð fyrir hæfilegri viðbót til að tryggja fólk sjálfstæði í eigin fjármálum.

Sáttmáli um laun kjörinna fulltrúa kveði á um laun, skyldur og ábyrgð og miðist við álit þjóðarinnar á því hvaða kaup og kjör teljast sanngjörn fyrir þá almannapjónustu sem kjörnir fulltrúar eru valdir til þess að sinna.

Forseti Alþingis og forsætisráðherra leggi fram ítarlegar skýrslur um gerð og framkvæmd hvers sáttmála fyrir sig á hverju haustþingi. Í hverjum sáttmála fyrir sig verði fjallað um hvernig viðvarandi sátt er viðhaldið og hvernig kaup og kjör fólks á lágmarkslaunum, starfsstéttu grunninnviða og kjörinna fulltrúa þróast ár frá ári.

Greinar gerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var lögð fram á 153. löggjafarþingi (802. mál) en náði ekki fram að ganga. Hún er nú lögð fram að nýju lítillega uppfærð. Með þessari þingsályktunar-tillögu er lagt til að gerðir verði þrír virkir sáttmálar um viðmið lágmarksframfærslu, lágmarksþiðnið um kaup og kjör starfsstéttu sem sinna grunninnviðum og laun kjörinna fulltrúa. Þessir sáttmálar eiga að vera virkir, í skilningi þess að þeir eiga að vera í stöðugri endurskoðun til þess að athuga hvort þau viðmið sem í gildi eru haldi gildi sínu á milli ára.

Til þess að hægt sé að uppfylla lágmarksréttindi fólks þurfa að vera til viðmið um lágmarksframfærslu. Framfærsluviðmiðið getur verið mismunandi eftir aðstæðum fólks, t.d. aldri, staðsetningu og líkamlegri heilsu. Almennt séð þá á lágmarksframfærsla að ná til þess kostnaðar sem telst til nauðsynja ásamt svigrúmi til annarra útgjalda til þess að tryggja að fólk hafi sjálfstætt lágmarksval um eigið líf.



Grunninnviðir heilbrigðiskerfis, menntakerfis, öryggiskerfis og félagslegs kerfis eru akkeri velferðarsamfélags. Þær starfsstéttir sem sinna rekstri þessara velferðarkerfa mynda

saman samfélagslegt öryggisnet okkar allra. Það skiptir öllu máli að verðleggja lágmarks-viðmið þessara mikilvægu starfa. Það viðmið er einnig akkeri fyrir alla aðra launaþróun í landinu þar sem við þurfum að miða mikilvægi allra starfa við þau störf þeirra sem sinna grunninnviðum samfélagsins. Því er samfélagslega mjög mikilvægt að bæði þjóðin og starfsfólk þeirra starfsstéttu sem reka grunninnviðina séu sátt við þau laun sem greidd eru fyrir þá þjónustu.

Kaup og kjör kjörinna fulltrúa hafa mjög oft verið umfjöllunarefni og bitbein í samfélags-umræðunni. Laun kjörinna fulltrúa skipta þjóðina máli, þar sem það er þjóðin sem ræður fólk í þessi þjónustustörf. Rétt eins og það er þjóðin sem er stjórnarskrárgjafinn er það þjóðin sem ræður kjörna fulltrúa í vinnu og á að ákveða laun þeirra. Annað fyrirkomulag skapar jarðveg fyrir sjálftöku og ósætti. Því er nauðsynlegt að gerður verði sáttmáli um laun kjörinna fulltrúa og þann kostnað sem er tilfallandi vegna þeirra starfa, þ.e. launa og annarra greiðslna kjörinna fulltrúa úr ríkissjóði og fjármögnun stjórnsmálasamtaka.


Þróun launa.

Launavísitala hefur hækkað þó nokkuð mikið á undanförnum árum umfram vísitölu neysluverðs. Í gögnum Hagstofunnar sést að launavísitalan er rúmlega sjöföld miðað við árið 1989 en vísitala neysluverðs hefur rétt tæplega sexfaldast á sama tíma.



Betur sundurliðaðar launaupplýsingar hjá Hagstofunni eru aðeins til frá árinu 2015 en þar kemur fram að launavísitala starfsmanna á almennum markaði hafi hækkað um 51% en launavísitala starfsmanna á opinberum markaði hafi hækkað um 59% og skýrist munurinn að nær öllu leyti af hækkunum starfsmanna hjá sveitarfélögum sem eru samt einnig á lægstu laununum.

Mynd 3.1 Þróun launavísitölu, mars 2019 – febrúar 2022




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd úr skýrslu kjaratölfræðinefndar, júní 2022.¹

Í skýrslu kjaratölfræðinefndar frá því í júní 2022 sést samanburður á launum og launareifingu á milli almenna markaðarins, ríkis og sveitarfélaga. Þar kemur fram að meðaltal reglulegra launa er rétt rúmlega 700 þús. kr. Rétt tæplega 700 þús. kr. á almenna markaðnum. Vel rúmlega 700 þús. kr. hjá ríkinu og einungis rúmlega 600 þús. kr. hjá sveitarfélögum. Nánar er fjallað um sundurliðun innan almenna markaðarins, ríkisins og sveitarfélaga eftir stéttarfélögum í skýrslunni sem útskýrir muninn á milli þessara þriggja launagreiðenda betur.

¹ https://www.ktn.is/_files/ugd/0497ac_8a399264e8d74979aa619fd0520bf3b4.pdf

Mynd 3.7 Dreifing reglulegra launa og heildarlauna fullvinnandi á mánuði árið 2021 eftir mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd úr skýrslu kjaratölfræðinefndar, júní 2022.²

Laun þingmanna og ráðherra.

Í frétt³ Kjarnans er vel farið yfir þróun launa þingmanna og ráðherra frá 2016: „Í byrjun sumars 2016 voru grunnilaun þingmanna á Íslandi 712 þúsund krónur á mánuði. Nú, sex árum síðar, eru þau 1.346 þúsund krónur á mánuði. Þau hafa því hækkað um 634 þúsund krónur á tímabilinu, eða um 89 prósent á tímabilinu.“

89% hækkun samanborið við 51% hækkun á launavísitölu á almenna markaðnum á sama tímabili. Ráðherrar hafa á sama tíma hækkað um 77%. Laun kjörinna fulltrúa eiga samt einungis að hækka í takti við launaþróun hins opinbera. Munurinn þar á skýrist af mjög mikilli hækkun á launum kjörinna fulltrúa vegna ákvörðunar kjararáðs. En fram að því höfðu laun þingmanna og ráðherra lítið hækkað í þó nokkur ár. Þar verður þó að benda á eilítið villandi framsetningu á launum þingmanna, sem hafa verið með bæði fastar kostnaðar- og akstursgreiðslur sem hafa ekki verið teknar með inn í launatöluna. Þær greiðslur voru lækkaðar þegar kjararáð hækkaði grunnilaun þingmanna.

Með þessari þingsályktunartillögu er ætlast til þess að laun kjörinna fulltrúa verði endurskoðuð í heild sinni og á endurskoðunin að ná til grunnilauna, kostnaðargreiðslna, búsetustyrkja, formannsstyrkja, álags vegna formennsku í nefndum og allra annarra hlunninda sem kjörnir fulltrúar búa við.

² Sama.

³ <https://kjarninn.is/frettir/laun-radherra-hafa-hækkad-um-naestum-eina-milljon-a-manudi-fra-thvi-fyrir-sex-arum/>

Laun starfsstéttá grunninnviða.

Störf innan heilbrigðis-, mennta-, öryggis- og félagsþjónustukerfisins eru mörg og fjölbreytt. Öll eiga þau það þó sameiginlegt að vera hlekkir í samfélagslegu öryggisneti Íslendinga. Stór hluti þessara starfa eru vaktavinnustörf þar sem mikið af þjónustu þessara kerfa er veitt allan sólarhringinn. Laun í ýmsum störfum þessara stéttá miðast við grunnlaun í þessari samantekt. Það er gert svo að einfaldara sé að bera þau saman og vegna þess að ekki geta allir innan starfsstéttanna unnið vaktavinnu. Hafa ber einnig í huga að störf innan þessara starfsstéttá geta verið mjög ólík og jafnframt að meiri hluti þessara stéttá er mjög kynjaskiptur. Stétt hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og þeirra sem vinna við kennslu og uppeldi barna eru allt stéttir þar sem karlar eru innan við tuttugu prósent starfsfólks. Ef skoðuð eru kynjahlutföll meðal hjúkrunarfræðinga þá eru karlmenn aðeins 4%⁴ og aðeins 3%⁵ innan Sjúkraliðafélags Íslands. Hlutfall karla meðal starfsmanna á leikskóla er 9%⁶ og samkvæmt Hagstofu Íslands eru karlar 18% starfsfólks við kennslu⁷. Aðra sögu er að segja um starfsstétt löggreglumanna en í árslok 2021 var hlutfall kvenna 34% meðal löggreglumanna.⁸

Samkvæmt skýrslu kjaratölfræðinefnar vorið 2023⁹ voru meðalgrunnlaun árið 2022 707 þús. kr. hjá körnum og 662 þús. kr. hjá konum. Hæst voru meðalgrunnlaunin hjá ríkinu, þar á eftir á almenna markaðnum, síðan hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur og lægstu grunnlaunin voru hjá Reykjavíkurborg. Hjá ríkinu voru grunnlaun karla 736 þús. kr. og konum 696 þús. kr. Ef skoðuð eruð grunnlaun í launareiknivél Kennarasambands Íslands má sjá að grunnskólakennari með fimm ára starfsreynslu og meistarapróf er með 686.444 kr. í laun. Það sama gildir um leikskólakennara með sömu menntun og starfsreynslu. Framhaldsskólakennari með kennsluréttindi og fimm ára starfsaldur er með 643.623 kr. í laun hjá Menntaskólanum við Hamrahlið, sama staða hjá Fjölbautaskólanum í Breiðholti gefur 709.594. Víða um land er hins vegar stór hluti kennara ekki með kennsluréttindi en laun samkvæmt kjarasamningum fyrir leiðbeinendur með meistarapróf og fimm ára starfsreynslu er 617.287.¹⁰ Stærstur hluti þeirra sem starfa við uppeldi og menntun leikskólabarna er jafnframt ófaglært starfsfólk eða alls 58% árið 2022.¹¹ Leikskólaleiðbeinandi í Reykjavík fær 478.380 kr. í heildarlaun en í Kópavogi fær hann 433.209 kr., samkvæmt upplýsingum frá BSRB.¹² Samkvæmt talnaefni Stjórnarráðsins¹³ eru meðallaun í dagvinnu hjá hjúkrunarfræðingum innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 737.246 kr. árið 2023. Meðaldagvinnulaun sjúkraliða innan Sjúkraliðafélags Íslands eru 528.892 kr.¹⁴ Vert er að taka fram að þegar meðallaun stéttarfélaga er skoðuð þá er um að ræða öll störf innan stéttarfélagsins og meðaltal reiknað þvert á starfsreynslu, sérþekkingu, mannaforráð o.s.frv. Menntaður löggreglumaður sem er með nokkurra ára starfsreynslu og er metinn í álagsþrep 4 er með 535.904 kr. í grunnlaun. Ómenntaður starfsmaður

⁴ Áatak um fjölgun karlmannna í hjúkrun | Félag Íslenskra Hjúkrunarfræðinga (hjukrun.is)

⁵ 785/153 svar: sjúkraliðar | Þingtíðindi | Alþingi (althungi.is)

⁶ Fjórðungur starfsmanna leikskólanna menntaðir kennrarar – Vísir (visir.is)

⁷ Starfsfólk við kennslu eftir kyni, landsvæðum og kennsluréttindum 1998–2022. PxWeb (hagstofa.is)

⁸ Jafnréttisáætlun 2022–2025 | Löggreglan (logreglan.is)

⁹ c92559_575b0ff7991b492e89f8808a35ac84be.pdf (ktm.is)

¹⁰ Launareiknivélar | Kennarasamband Íslands (ki.is)

¹¹ Fjórðungur starfsmanna leikskólanna menntaðir kennrarar – Vísir (visir.is)

¹² Birtir launaseðla leikskólaleiðbeinenda – Vísir (visir.is)

¹³ Reports – Opin gögn (gagnavefur.azurewebsites.net)

¹⁴ Reports – Opin gögn (gagnavefur.azurewebsites.net)

löggreglunnar í afleysingavinnu er með 435.237 kr.¹⁵ Byrjunarlaun sjúkraliða með þriggja ára menntun eru 475.090 kr., samkvæmt stéttarfélagi sjúkraliða.

Samkvæmt þessari samantekt eru mörg störf þeirra sem sinna grunninnviðum samfélagsins undir meðaltali grunnlauna í landinu. Það er samfélagslega mikilvægt að bæði þjóðin og starfsfólk þessara grunnstofnana samfélagsins sé sátt við þau laun sem eru greidd fyrir þá þjónustu. Leiðin sem lögð er til í þessari þingsályktunartillögu er að verðleggja lágmarksvisið-mið þessara mikilvægu starfa og nota það viðmið sem akkeri fyrir launabróun í landinu.

Lýðræðisleg sátt.

Það er grundvallaratriði að þessir sáttmálar verði gerðir á vegum og forsendum samfélags-ins. Þingsályktunartillögunni er beint að forseta Alþingis og forsætisráðherra sem skulu skapa vettvang þar sem hægt er að semja þessa sáttmála.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu gera sér grein fyrir því að slíkir sáttmálar verða aldrei fullkomnir en markmið þeirra er að komast sem næst því. Endurskoðunar-ákvæðin eru til þess að finna megi mögulega galla og gera betur.

¹⁵ Launatafla-LL-2023.pdf (logreglumenn.is)